



## Hljóðlistahátíð á Seyðisfirði, Austurlandi.

**Miðvikudaginn 3. október næstkomandi hefst hljóðlistahátíð á vegum Skála og mun stór hópur listamanna ásamt skipuleggendum hátíðarinnar breyta gömlu síldarverksmiðjunni Norðursíld í vettvang fyrir hljóðlist og tilraunatónlist. Hátíðin stendur til 6. október**

### Skálar – Miðstöð hljóðlistar og tilraunatónlistar

Skálar er nýstofnuð miðstöð fyrir hljóðlist og tilraunatónlist sem er starfrækt á Seyðisfirði.

Meginmarkmið miðstöðvarinnar er að skapa vettvang fyrir tilraunir, samstarf, kynningar og rannsóknir auk þess að veita innblástur fyrir listamenn og nemendur sem vinna með hljóðtengda list.

Í tengslumvið miðstöðina verður rekin gestavinnustofa fyrir hljóðlistamenn með aðgang að hljóðveri og hljóðtilraunastofu. Skálar sækist eftir að starfa með samsvarandi stofnunum með það að leiðarljósi að skapa möguleika á alþjóðlegu samstarfi. Miðstöðin var stofnuð snemma á þessu ári af listamönnum Elvari Má Kjartanssyni, Helga ErniPéturssyni og Konrad Korabiewski og hlaut hún nafnið Skálar til minningar um Magnús Blöndal Jóhannssonar, frumkvöðuls á sviði raftónlistar á Íslandi.

### Hljóðlistahátíð Skála 2012

Hátíðin mun verða árlegur viðburður með það að leiðarljósi að kynna breitt svið tilraunakenndrar tónlistar og hljóðlistar. Hátíðin býður upp á yfirgripsmikla og metnaðarfulla dagskrá í þrjá daga þar sem haldnir verða yfir 20 tónleikar og uppákomur með bæði innlendum og erlendum listamönnum. Þar á meðal verður opunarverk í samvinnu með togaranum Gullveri NS-12, stórar og litlar innsetningar (innanhus og utandyra), listsýningar með blandaðri tækni, hljóðgöngutúr, vinnustofur og fyrirlestrar.

Einn af stærstu viðburðum dagskrárinnar verður í boði þýsku hljóðlistamannanna Asmus Tietchens & Thomas Köner (DE) og munu þeir flytja nýlegt efni undir merkjum Kontakt Der Jünglinge sem er samstarfsverkefni þeirra til margra ára. Thomas Köner mun einnig flytja hið margrómaða verk *Novaya Zemlya* í innan veggja útilistaverksins *Tvísöngur* eftir þýska myndlistamanninn Lukas Kühne.

Listrænir stjórnendur verkefnisins *Europe - A Sound Panorama*, Thomas Köner og Konrad Korabiewski (PL/DK/IS) munu kynna 10 verk sem í tengslum við verkefnið unnu til verðlauna á síðasta ári.

Þeir munu nota brot úr þessum verkum til að skapa hljóðmyndir af 10 borgum og bæjum í Evrópu.

Verkefnið er unnið í samstarfi með þýsku listastofnuninni ZKM - Center for Art and Media (Institute for Music & Acoustics), Goethe stofnuninni í Belgrad og Deutschlandradio Kultur.

Þar að auki mun hópur listamanna frá Linz í Austurríki sem kallar sig nomadenetappe - Kunst & Theorie, vinna að sýningunni *Repeat, please...* þar sem hljóð verður í forgrunni. Verkefni þeirra mun samanstanda af tónleikum, opnum málstofum og fyrirlestrum.

Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðunni <http://skalar.is>



## Hagnýtar upplýsingar:

Heimilisfang:

Skálar – Miðstöð hljóðlistar og tilraunatónlistar

Strandavegur 19

710 Seyðisfjörður

Ísland

vefur: <http://skalar.is>

e-mail: [info@skalar.is](mailto:info@skalar.is)

almannatengsl: [konrad@korabiewski.com](mailto:konrad@korabiewski.com)

Hljóðlistahátíð Skála 2012er ókeypis.

Allir eru velkomnir!



Deutschlandradio Kultur



CULTURAL COUNCIL  
OF EAST ICELAND



TÓNLISTARSJÓÐUR

MENNTA- OG

MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



MIÐSTÖÐ  
MYNDLISTAR Á  
AUSTURLANDI



MUNICIPALITY  
OF SEYÐISFJÖRÐUR



PRODUKTIONS  
PULJEN



With support from Danish Composers' Society /  
KODA's Fund for Social and Cultural Purposes

